



aln
Pippin
6/6 89

Frá blaðamannafundi í gær þar sem tilkynnt var um skipti á þingsætum.
Tímaríð Arni Bjarna

Kvennalistinn:

Þingkonur skiptast á

Kvennalistinn hefur ákveðið að fram fari skipting á þingmönnum þannig að út fari þær Kristín Halldórsdóttir, alþingismaður, og Guðrún Agnarsdóttir, alþingismaður. Í stað þeirra koma Anna Ólafsdóttir Björnsson, sagnfræðingur og blaðamaður, fyrir Kristínu, en Guðrún Halldórsdóttir fyrir Guðrún Agnarsdóttur.

Skiptin fara ekki fram á sama tíma. Anna tekur við af Kristínu í október í haust er Alþingi kemur saman að nýju eftir sumarfrí. Guðrún tekur hins vegar ekki við af Guðrún fyrir en eftir áramót, vegna anna hjá hinni fyrrnefndu.

Petta var ákveðið á vorfundi

sem Kvennalistinn hélt í Skálholti um helgina, en þar var einnig fjallað um mál eins og alvarlegt atvinnuleysi kvenna umfram allmennt atvinnuleysi og um vanda-mál sem verið hafa að grafa um sig í bæjarstjórn Selfoss. Á vorfundinum skýrði Sigríður Jensdóttir, fulltrúi Kv. í bæjarstjórninni, frá því hvað hún taldi hafa leitt til þess að Sjálfstæðismenn kusu að kljúfa sig út úr meirihlutasamstarfi Kv., Alþýðufl. og Alþýðubandalags. Samkvæmt síðustu fréttum mun ekki ólfklegt talið að á næsta fundi bæjarstjórnarinnar, á miðvikudag, verði reynt að ná saman aftur þessu meirihlutasamstarfi. KB